



**27. fundur Heimastjórnar Fljótshéraðs
haldinn á skrifstofu sveitarfélagsins, Egilsstöðum, fimmtudaginn 6. október
2022
og hófst hann kl. 13:00**

Fundinn sátu:

Vilhjálmur Jónsson formaður, Dagmar Ýr Stefánsdóttir aðalmaður, Jóhann Gísli Jóhannsson aðalmaður og Óðinn Gunnar Óðinsson skrifstofustjóri.

Fundargerð ritaði: Óðinn Gunnar Óðinsson, skrifstofustjóri

Í upphafi fundar lagði formaður til að nýtt mál yrði tekið á dagskrá og var það samþykkt samhljóða. Málið er númer 7.

Dagskrá:

1. 202208143 - Fjárhagsáætlun umhverfis- og framkvæmdasviðs 2023

Fyrir liggur tölvupóstur dagsettur 29.8. 2022, frá Hugrúnu Hjálmarsdóttur framkvæmda- og umhverfismálastjóra, þar sem kallað er eftir áherslum heimastjórna varðandi nýframkvæmdir og viðhald á þeirra svæði, sem verði síðan hafðar til hliðsjónar við fjárhagsáætlunarvinnuna framundan. Málið var áður á dagskrá heimastjórnar 1.9. 2022.

Heimastjórn Fljótshéraðs felur starfsmanni að ljúka frágangi tillagna vegna fjárhagsáætlanagerðar fyrir árin 2023 til 2026 og koma þeim til framkvæmda- og umhverfismálastjóra.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

2. 202208159 - Fjallaskilasamþykkt fyrir sveitarfélög á starfssvæði Sambands sveitarfélaga á Austurlandi

Fyrir drög að Fjallaskilasamþykkt fyrir sveitarfélög á starfssvæði Sambands sveitarfélaga á Austurlandi og bréf dagsett 31. ágúst og 3. október 2022 frá Jónu Árnýju Þórðardóttur, framkvæmdastjóra SSA, þar sem óskað er eftir að sveitarstjórnir á starfssvæði SSA taki fjallaskilasamþykktina aftur fyrir og staðfesti. Málinu var vísað til umfjöllunar í heimastjórnnum Múlaþings á fundi sveitarstjórnar 14.9. 2022.

Heimastjórn Fljótshéraðs gerir ekki athugasemd við fyrirliggjandi drög að fjallaskilasamþykkt. Heimastjórn hvetur til áframhaldandi vinnu við endurskipulag fjallaskilamála í Múlaþingi.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

3. 202205035 - Viðhald á húseignum við Brúarásskóla

Fyrir liggur tölvupóstur og bréf dagsett 12. 9. 2020, frá Foreldrafélagi Brúarásskóla. Þar er vitnað til haustfundar foreldrafélagsins frá í september þar sem líst er ánægju með hvernig til tókst með framkvæmdir við annað gamla



Íbúðarhúsið við skólann. Einnig kemur fram sú ósk að haldið verði áfram með verkið og hitt húsið lagað einnig.

Á fundinn undir þessum lið mætti Steingrímur Jónsson verkefnastjóri framkvæmdamála hjá Múlaþingi.

Heimastjórn Fljótshálsa hvetur til þess að lokið verði við endurbætur á húsi 1 í Brúarási á næsta ári.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

4. 202209114 - Ósk um umsögn, Vindmyllur við Lagarfoss

Fyrir liggur frá Skipulagsstofnun umsagnarbeiðni, dagsett 13.9. 2022, vegna matsskyldufyrirspurnar vegna uppsetningar tveggja vindmylla við Lagarfossvirkjun sem framleiða allt að 9,9 MW.

Heimastjórn Fljótshálsa felur skipulagsfulltrúa að ganga frá umsögn heimastjórnar fyrir hönd sveitarfélagsins.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

5. 202101013 - Raforkumál í dreifbýli

Heimastjórn Fljótshálsa gerir kröfu um að uppbyggingu raforkuinnviða og þrífavæðingu í dreifbýli á Fljótshálsa verði flýtt enda sýndi sig í nýafstöðnu óveðri að núverandi eldri línakerfi þolir ekki slíkt álag. Heimastjórn samþykkir að beina því til sveitarstjórnar að taka málið upp við innviðarráðuneytið.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

6. 202210021 - Heimreiðar og viðhald þeirra

Málinu frestað til næsta fundar.

7. 202210026 - Vegur milli Brennistaða og Gilsárteigs

Fyrir liggur bréf dagsett 4. október 2022, frá Þórarni Ragnarssyni á Brennistöðum þar sem óskað er eftir að heimastjórnin beiti sér fyrir því að vegur milli Brennistaða og Gilsárteigs verði tekinn á vegaskrá þannig að viðhald og þjónusta vegarins verði tryggð.

Heimastjórn Fljótshálsa leggur til við umhverfis- og framkvæmdaráð að taka málið upp við Vegagerðina.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.



Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:05

